

300. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurnesja, haldinn að Skógarbraut 945, Reykjanesbæ, fimmtudaginn 4. maí 2023, kl. 16:00.

Mætt: Ingvi Hákonarson, formaður, fulltrúi Reykjanesbæjar, Margrét Sæmundsdóttir, fulltrúi Reykjanesbæjar, Sunneva Ósk Þóroddsdóttir, fulltrúi Suðurnesjabæjar, Annas Jón Sigmundsson, fulltrúi Sveitarfélagsins Voga og Birgitta Káradóttir, fulltrúi Grindavíkurbæjar, auk starfsmanna Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja: Magnús H. Guðjónsson, framkvæmdastjóri, J. Trausti Jónsson, Helgi Haraldsson, Sonja Hrund Steinarsdóttir og Ásmundur E. Þorkelsson, fundarritari. Bergþóra Sigurjónsdóttir, fulltrúi atvinnurekenda kom ekki á fundinn.

Dagskrá:

1. Starfsleyfi og skráningar eftirlitsskyldra fyrirtækja.
2. Stöðvun starfsemi Premium of Iceland ehf. vegna vanskráningar.
3. Lokun veitingastaðarins Malai thai.
4. Lokun veitingastaðarins Royal Indian.
5. Afturköllum starfsleyfis.
6. Lokun leiksvæðis Hjallastefnunnar við Stafnesveg.
7. Samningur um lífeyrisskuldbindingu SSS og HES.
8. Samþykkt um hæsnahald í Grindavík.
9. Starfsmannamál – ráðning framkvæmdastjóra HES.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Starfsleyfi og skráningar

Umsóknir um skráningar samkvæmt reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

- Löður ehf., kt. 580912-0280, Fitjar 1, 260 Reykjanesbæ fyrir bón- og bílaþvottastöð.
Nefndin felur heilbrigðiseftirlitinu að samþykkja skráningar á ofangreindum fyrirtækjum að uppfylltum starfsskilyrðum og greiddu skráningagjaldi.

Skráningar samþykktar í samræmi við reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

- Erik the Red seafood ehf., kt. 540313-1720, Strandgata 10, 245 Suðurnesjabæ fyrir vinnslu fisks og annarra sjávarafurða.
- Íslenskir aðalverktakar hf, kt. 660169-2379, fyrir asbesthreinsun að Sunnubraut 32, 230 Reykjanesbæ.
- Íslenskir aðalverktakar hf, kt. 660169-2379, fyrir asbesthreinsun að Flugvöllum 15, 230 Reykjanesbæ.

Fyrirtæki í auglýsingaferli skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. verklagsreglur við auglýsingu nr. 582/2000 frá umhverfisráðuneytinu.

- HS Orka hf., kt. 680475-0169, Orkubraut 3, 241 Grindavík til reksturs jarðvarmavirkjunar í Svartsengi ásamt tengdri starfssemi.

Nefndin felur heilbrigðiseftirlitinu að gefa út starfsleyfi til ofangreindra fyrirtækja berist ekki athugasemdir á auglýsingatíma.

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnaeftirlit.

- Íslenska vetnisfélagið ehf, kt. 570715-0700, til reksturs sjálfsafgreiðslu vetnisstöðvar Fitjar 1, 260 Reykjanesbæ.

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

- PL veitingar ehf., kt. 690719-1180, Hafnargötu 6, 230 Reykjanesbæ til að reka söluturn með óvarin matvæli.
- HS Veitur hf., kt. 431208-0590, Brekkustíg 36, 260 Reykjanesbæ til að reka vatnsból í Vogavík í Sveitarfélaginu Vogum. Gildistími starfsleyfis er 1 ár.

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

- Sjálfstæðisfélagi Reykjanesbæjar, kt. 700490-1149, Grófinni 8, Reykjanesbæ til að reka samkomuhús með móttökueldhúsi.
- Clippers ehf., kt. 671204-4410, Flugstöð Leifs Eiríkssonar til að reka veitingastað.

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

- Kef íbúðir ehf. - Sandgerði Cottages, kt. 550119-560, Nátthagi 1a, 1b, 1, 2 og 3, Suðurnesjabæ til að reka gistiþjónustu í frístundahúsum.
- Draumafótum fótaaðgerðastofu, kt. 481122-0150, Aðalgötu 60, Reykjanesbæ til að reka fótaaðgerðastofu.
- Ungmennafélagið Þrótti, kt. 640289-2529, Hafnargötu, Vogum til að reka íþróttahús og sundstað.

2. Stöðvun starfsemi Premium of Iceland ehf. vegna vanskráningar.

Stöðvun á starfsemi. Þann 2. maí sl. stöðvaði embættið starfsemi Premium of Iceland ehf á Kothúsavegi 16 í Suðurnesjabæ. Nefndin staðfestir aðgerðir heilbrigðiseftirlitsins.

3. Lokun veitingastaðarins Gulldreka ehf.

Þann 12. apríl sl. stöðvaði embættið starfsemi veitingastaðarins Malai Thai, Hafnargötu 30 í Reykjanesbæ. Nefndin staðfestir aðgerðir heilbrigðiseftirlitsins.

4. Lokun veitingastaðarins Royal food ehf.

Þann 3. apríl sl. stöðvaði embættið starfsemi veitingastaðarins Royal Indian við Hafnargötu 30 í Reykjanesbæ. Nefndin staðfestir aðgerðir heilbrigðiseftirlitsins.

5. Afturköllum starfsleyfis.

Nefndin fellir hér með úr gildi starfsleyfi Fylkis ehf., kt. 540169-3229 til að reka gistiskála að Klettatröð 1 í Reykjanesbæ.

6. Lokun leiksvæðis Hjallastefnunnar við Stafnesveg.

Þann 5. apríl sl. stöðvaði embættið notkun leiksvæðis við leikskóla Hjallastefnunnar við Stafnesveg í Sandgerði. Nefndin staðfestir aðgerðir heilbrigðiseftirlitsins.

7. Samningur um lífeyrisskuldbindingu SSS og HES.

Framkvæmdastjóri kynnti samninginn.

8. Samþykkt um hæsnahald í Grindavík.

Nefndin fagnar frumkvæði Grindavíkur í þessum málum og hvetur önnur sveitarfélög á svæðinu til að setja sér sambærilega samþykkt.

9. Starfsmannamál – ráðning framkvæmdastjóra HES.

Starfsmenn, að frátöldum framkvæmdastjóra viku af fundinum.

Nefndin ákveður að ráða Ásmund E. Þorkelsson í starf framkvæmdastjóra og felur formanni að ganga frá ráðningarsamningi.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið klukkan 16:50.